



# Valgreinar í 8. - 10. bekk

Skólaárið 2021 - 2022

Athugið: Ef ekki næst næg þátttaka í valgrein, fellur hún niður.

## **Kynning á valgreinum í 8. - 10. bekk skólaárið 2021 - 2022**

Nemendur í verðandi 8. - 10. bekk velja sér þrjár valgreinar og tvær til vara.

Hér á eftir er lýsing á þeim valáföngum sem verða í boði veturinn 2020 - 2021. Nú er það þitt nemandi góður að lesa lýsingarnar vel og velja þá áfanga sem þú hefur áhuga á. Valið getur verið vandasamt og hvetjum við ykkur til að ráðfæra ykkur við foreldra/forráðamenn.

**Ekki er hægt að skipta um valáfanga eftir að hann er byrjaður.**

**Valinu á að skila rafrænt í gmail nemenda í síðasta lagi**  
**mánudaginn 17. maí 2021.**

**Eftir það áskilur skólinn sér rétt til að setja nemendur í**  
**valáfanga þar sem er laust plást.**

## Table of Contents

.....	1
Kynning á valgreinum í 8. - 10. bekk skólaárið 2021 - 2022.....	2
ÁHUGASVIÐSVAL .....	4
ÁRBÓK (Einungis fyrir verðandi 10. bekk).....	4
BÍLLINN (Einungis fyrir verðandi 10. bekk).....	4
BÓKFÆRSLA.....	4
HEIMANÁMSAÐSTOÐ .....	4
HANNAÐ MEÐ INKSCAPE .....	5
ÍSLENSKA I.....	5
ÍSLENSKA II .....	6
KLÚBBAVAL (fyrir nemendur í 8. - 10. bekk).....	6
KVIKMYNDATÓNLIST .....	6
KVIKMYNDAVAL - kvikmyndir og þættir á ensku Allur veturinn.....	8
KYNJAFRÆÐI.....	8
LOPAPEYSAN MÍN .....	8
METIN VALGREIN I .....	9
METIN VALGREIN II .....	9
MYNDMENNT -(Einungis fyrir verðandi 8. og 9. bekk) .....	9
NEMENDARÁÐ (fyrir þá nemendur sem kosnir eru í nemendaráð í 8., 9. og 10. bekk).....	9
NÚVITUNG OG HUGLEIÐSLA .....	10
RITLIST - SKAPANDI SKRIF.....	10
SKÁK.....	11
STÆRÐFRÆÐI/STÆRÐFRÆÐIGRUNNUR.....	11
TEXTÍLMENNT - FATAHÖNNUN.....	11
TJÁNING OG RÆÐUMENNSKA .....	11
TÆKNISKÓLINN (fyrir nemendur í 10. bekk).....	12
YNDISLESTUR.....	13
PÝSKA FYRIR BYRJENDUR .....	14

## ÁHUGASVIÐSVAL

Hálfur vetur

Í þessum valáfanga fær nemandinn tækifæri til að velja sér viðfangsefni eftir sínu áhugasviði, nemandinn „rannsakar“ og kynnir málefni sem hann hefur áhuga á. Nemandinn fær svigrúm fyrir sköpun og að vinna með sjálfvalin verkefni. Mikið frelsi um val á viðfangsefni. Nemendur setja sér markmið og ákveða hvernig þeir ætla að vinna með viðfangsefnið, á hve löngum tíma og með hvaða hætti þeir munu skila því af sér. Það getur verið í formi munnlegrar kynningar, fréttabáttis, hlaðvarps (podcast) eða annað form sem nemandinn velur. Mögulegt er að vinna tveir saman eða sem einstaklingur. Í tímum vinna nemendur að sínu verkefni og fá leiðbeiningar og aðstoð eftir því sem þörf er á. Námsmat byggir á sjálfsmati nemandans og virknimati kennarans. Námsmat verður lokið/ólókið.

## ÁRBÓK (Einungis fyrir verðandi 10. bekk)

Hálfur vetur

Eftir áramót er unnið að árbók sem útskriftarnemendur fá afhenta í útskriftinni. Námsmat verður lokið/ólókið.

## BÍLLINN (Einungis fyrir verðandi 10. bekk)

Hálfur vetur

Fyrir áramót er fornám að ökunámi. Markmið að nemendur öðlist skilning á ökutækjum og ábyrgð og átti sig á umferðarmálum á Íslandi og að undirbúa nemendur sem best fyrir hið eiginlega ökunám. Námsmat verður lokið/ólókið.

## BÓKFÆRSLA

Allur veturinn

Hér fá nemendur tækifæri til að kynnast bókfærslu fyrir grunnskólanemendur. Farið er í grunnatriði á því hvernig innkoma og útgjöld fyrirtækja eru færð í dagbók ásamt því að hugtök sem tengd eru bókfærslu eru rædd. Námsmat byggist á símati. Námsmat verður lokið/ólókið.

## HEIMANÁMSAÐSTOÐ

Hálfur vetur -hægt að velja fyrir og eftir áramót

Markmið er að nemendur fái aðstoð við heimanám sem lagt er fyrir í skólanum. Námsmat verður lokið/ólókið.

## HANNAÐ MEÐ INKSCAPE

Hálfur vetur - fyrir jóla

Nemendur læra undirstöðuatriði í teikniforritinu **Inkscape** (vektor hugbúnaður) sem notað er til að hanna hluti sem skornir eru út í Fab Lab. Nemendur læra að gera texta og myndir og munu skera vinnuna út í vínlskera skólans. Nemendur hanna merkingu á bol og strauja það síðan á bol sem skólinn útvegar. Inkscape er ókeypis vektor hönnunarforrit sem hægt er að sækja hér [inkscape.org](http://inkscape.org)

## HREYFING ER HEILSUBÓT - ÚTIVERA, ÍPRÓTTIR OG LÍFSTÍLL

Allur veturinn

Valgrein fyrir þá sem vilja bæta fleiri hreyfistundum við sitt skemmtilega líf.

**Markmið:** Að kynna kostum þess að stunda reglulega hreyfingu. Að uppgötva tækifærin í nánasta umhverfi til að iðka líkamsrækt. Að kynna hvernig útivist hefur áhrif á líkama og líðan. Að vera góður félagi í góðum hópi. Að stunda mismunandi hreyfingu og fræðast um heilbriggt lífni.

**Hvað verður gert:** Það ræðst að einhverju leyti af hópnum. Áhersla verður lögð á útiveru t.d. hjóla, ganga á fjöll, skíða og fara í sund. Meðal íþróttagreina eru bandy, badminton, borðtennis, yoga og fleira. Lífstílshlutinn verður að mestu leyti bóklegur þar sem líðan okkar og það sem hefur áhrif á hana er til umfjöllunar. Námsmat verður lokið/ólókið.

## ÍSLENSKA I

Hálfur vetur - hægt að velja fyrir og eftir áramót

Megináherslan verður á vinnu í lotum. Nemendur fá aðstoð kennara með kjarnanámsefni bekkjarins. Horft verður til hvers einstaklings og reynt að miða við þarfir hvers nemanda. Unnið verður með þætti í ritun, ljóðum og málfræði. Umfjöllun tekur að einhverju leyti mið af getu og þörfum þeirra sem velja áfangann. Námssefnið er Skerpa 1, 2, og 3, Gullvör og verkefni frá kennara. Námsmat verður lokið/ólókið.

## ÍSLENSKA II

Hálfur vetur - hægt að velja fyrir og eftir áramót

Lögð er sérstök áhersla á lestur, orðskilning, hugtakaskilning og ritun. Leitast er við að mæta þörfum hvers og eins og byggja ofan á fyrri þekkingu og færni. Hluti hverrar kennslustundar verður einnig varið í vinnu í námsbókum í íslensku.

Markmið áfangans er að efla þekkingu og færni nemenda í lestri, lesskilning, orðnotkun og ritun. Námsmat verður lokið/ólókið

## KLÚBBAVAL (fyrir nemendur í 8. - 10. bekk)

Hálfur vetur - hægt að velja fyrir og eftir áramót

Nemendur kynnast fjölbreyttu klúbbastarfi félagsmiðstöðvarinnar á opnunartímum hennar á milli kl. 17:00 - 18:00 á miðvikudögum. Nemendur velja það klúbbastarf sem þeim líst best á hverju sinni. Nemendur geta valið að velja nýjan klúbb í hverjum tíma (iðulega 2-5 klúbbar í boði) eða að vera í sama klúbbnum yfir langan tíma (t.d. þátttakendur í Stíls-klúbbi (hönnunarkeppni Samfés), DJ-búra klúbbi, hljómsveitar- og söngvaraklúbbi eða spurningarkeppnis-klúbbi). Kynntir eru til leiks margvíslegir klúbbar en hópurinn getur einnig komið með tillögur að klúbbum.

Dæmi um klúbba eru „Spila-klúbbur“ (til u.þ.b. 80 mismunandi borðspil), „Leiktækja-klúbbur“ (leiktækin kynnt og ýmsir leikir þeim tengdum kenndir), „Eldhús-klúbbur“ (eldað eða bakað er eitthvað ljúffengt og gott), „Tölvuleikja-klúbbur“ (ýmsir gamlir og nýir tölvuleikir prófaðir), „Just-dance-klúbbur“ (dansað saman - í takt við video á stórum skjá), „Karóki-klúbbur“ (sungin lög í karóki og „singalong-bíó“), „Bíó-mynda-klúbbur“ (horft á myndir og rætt um þær á eftir), „Skreytinga-klúbbur“ (skreytt fyrir stærri viðburði), „Spjall-klúbbur“ (rædd eru þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni) og „Leikja-klúbbur“ (farið er í ýmsa skemmtilega hópleiki). Námsmat verður lokið/ólókið.

## KVIKMYNDATÓNLIST

Allur veturinn

Í áfanganum verður fjallað um hvaða áhrif tónlist hefur á kvikmyndir og upplifun af þeim. Hlustað verður á ýmis tóndæmi, brot úr myndum skoðuð og verkefni unnin til að kynnast betur tengingu tónlistar og kvikmynda.

Aðalefnistriði áfangans:

Saga kvikmyndatónlistar

Skoðum sögu kvikmyndanna og tengsl tónlistar við kvikmyndirnar.

Mikilvægi tónlistar fyrir kvikmyndir

Er til kvikmynd án tónlistar? Hvað gerist ef tónlist ef fjarlægð úr kvikmynd? Eða skipt algjörlega um tónlist?

Uppbygging kvikmyndatónlistar

Leiðarstef (leitmotif), stef sem fylgja persónum, atburðum eða jafnvel hlutum, stemningstónlist („score“) sem er ætlað að ýta undir ákveðna stemningu eða jafnvel skapa tilfinningatengsl við áhorfandann.

Fjölbreytileiki kvikmyndatónlistar.

Hvaða tegundir tónlistar? Sinfóníutónlist, rokk eða kannski jass? Eða eitthvað allt annað?

Nemandi öðlast þekkingu og skilning á:

áhrifum tónlistar á kvikmyndir, hvernig tónlist eykur áhrifamátt kvikmynda, hvernig tónlist er markvisst notuð til að byggja upp ýmiskonar stemningu í kvikmyndum og ólíkum tegundum kvikmyndatónlistar

Nemandi öðlast leikni í að:

greina tónlist í kvikmyndum, hlusta eftir tónlist í kvikmyndum og sjónvarpsefni, hlusta eftir blæbrigðum í tónlist

Nemandi geti hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

horfa með skapandi hætti á kvikmyndir, hlusta á fjölbreytta tónlist, ræða á fjölbreyttan hátt um kvikmyndir og tónlist, tjá skoðun sína á kvikmyndum og tónlist

Námsmat

Unnin verkefni og umsögn um frammistöðu nemandans í áfanganum. Námsmat verður lokið/ólókið.

Kennslugögn

Tölva, iPad, internetið, Spotify, Ýmsar DVD og Blue Ray útgáfur (kvikmyndir, þættir, tónlist og aukæfni) úr safni kennarans og ýmis verkefni unnin af kennaranum.

## KVIKMYNDAVAL - kvikmyndir og þættir á ensku

### Allur veturinn

Nemendur horfa á hinar ýmsu kvikmyndir og sjónvarpsþætti og hafa, í samráði við kennara, að hluta til val um hvaða verkefni verða tekin fyrir. Við munum vinna margvísleg verkefni og skil verða með mismunandi hætti s.s. munnleg, skrifleg hópverkefni í tíma, hlaðvörp og fleira. Aðalmarkmiðið er að fræðast saman og nýta miðilinn á sem fjölbreyttastan hátt. Vinna í tímum fer að hluta til fram á ensku.

Námsmat: Frammistaða í tímum, þ.e. virkni, áhugi og þátttaka nemenda verður metin til einkunnar (50%) svo og skil á kvikmyndagagnrýni (50%). Námsmat verður Lokið/ólókið.

## KYNJAFRÆÐI

### Hálfur vetur

Nú er komið að því að setja upp kynjagleraugun og skoða heiminn í nýju ljósi. Hvað er umhverfið að segja okkur? Af hverju erum við að nota sömu staðalmyndirnar aftur og aftur? Við skoðum hvernig þetta birtist í okkar daglega lífi, skoðum sjónvarpsþætti, tónlist, auglýsingar, tímarit, klámvæðingu ofl. Erum við sátt eða viljum við breyta einhverju?

Námsmat: Fjölbreytt verkefna- og rannsóknarvinna um tiltekna efnisþætti. Umræður og virkni í tímum. Námsmat verður lokið/ólókið.

## LOPAPEYSAN MÍN

### Allur veturinn

Nemendur velja sér lopapeysu úr blaði eða setja saman sitt eigið mynstur. (kennari verður með ný og gömul lopamynstur/blöð, síðan eru fríar uppskriftir á veraldarvefnum)

Prjónað verður úr íslenska lópanum, val verður um hvort einstaklingar vinni með léttlopa, tvöfaldan lopa eða þrefaldan lopa.

Kennt verður í 80 mín í viku, þess á milli halda nemendur áfram að prjóna heima. Námsmat verður lokið/ólókið.



## **METIN VALGREIN I**

Nemendur sem stunda tómstundir utan skóla t.d. íþróttir, tónlist, myndlist ofl. í 3 klukkustundir eða meira á viku geta fengið það metið fyrir eina valgrein. Að hausti fá nemendur eyðublað á skrifstofu skólans skrá á það æfingatíma ásamt því að fá undirskrift foreldra og þjálfar því til staðfestingar. Þeir sem skila inn þessu eyðublaði verða í tveimur valfögum yfir veturinn.

## **METIN VALGREIN II**

Nemendur sem stunda tómstundir utan skóla t.d. íþróttir, tónlist, myndlist ofl. í 6 klukkustundir eða meira á viku geta fengið það metið fyrir tvær valgrein. Að hausti fá nemendur eyðublað á skrifstofu skólans skrá á það æfingatíma ásamt því að fá undirskrift foreldra og þjálfar því til staðfestingar. Þeir sem skila inn þessu eyðublaði verða í einu valfagi yfir veturinn.

## **MYNDMENNT - (Einungis fyrir verðandi 8. og 9. bekk)**

### **Hálfur vetur**

Unnið verður með teikningu og nemendur þróa sinn stíl og fullvinna eina myndskreytingu. Nemendur vinna verkefni tengd áhugasvið sínu. Námsmat verður lokið/ólókið.

## **NEMENDARÁÐ (fyrir þá nemendur sem kosnir eru í nemendaráð í 8., 9. og 10. bekk)**

### **Allur veturinn**

Hér gefst þeim nemendum sem eru í nemendaráði að fá þá miklu vinnu metna sem valgrein. Ekki er hægt að skrá sig í þennan áfanga heldur þarf að gefa kost á sér í hann í haust. Námsmat verður lokið/ólókið.

## NÚVITUNG OG HUGLEIÐSLA

### Allur veturinn

Helstu markmið eru að nemendur:

- Tileinki sér núvitund
- Þjálfist í hugleiðslu
- Læri um mikilvægi öndunar
- Kynnist gönguhugleiðslu
- Kynnist gong slökun

Á þessu námskeiði lærum við nokkrar aðferðir við hugleiðslu þar sem nemendur eru leiddir í byrjun í stuttar hugleiðslur yfir í lengri. Kynntar verða ýmsar leiðir sem hægt er að fara í hugleiðslu eins og með notkun tónlistar, öndun, o.fl. Einnig ræðum við um hvernig hægt er að nýta sér hugleiðslu til að róa hugann fyrir próf og kvíða.

Nemendur kynnast jóga nidra sem er leidd djúpslökun og auðveld leið til að ná dýpsta stigi hugleiðslu en það hefur djúp áhrif til heilunar, losar um streitu og bætir svefn.

Við kynnum nemendum gönguhugleiðslu og förum í styttri gönguferðir þar sem slík hugleiðsla verður iðkuð.

Við kynnum nemendum hvernig gong eru nýtt til heilunar og slökunar og gong slökun verður veitt. Námsmat verður lokið/ólókið

## RITLIST – SKAPANDI SKRIF

### Hálfur vetur

Hér fáið þið tækifæri til að gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og skrifa út frá eigin reynslu og tilfinningum. Auk þess verður farið í fjölbreyttar athyglisæfingar, svo sem að koma auga á hið sérkennilega, að taka eftir fólki, greina stemmningu í umhverfinu og geta komið hugsunum sínum á blað með eigin orðum. Mæting í tíma er aðra hverja viku og þess á milli er skrifað heima. Námsmat verður lokið/ólókið.

## SKÁK

Hálfur vetur - hægt að velja fyrir og eftir áramót

Í skákvali verða kynntir ýmsir þættir skákarinnar; byrjanir, miðtafl, endatafl, skákþrautir og saga skákarinnar, einkum síðastliðin 150 ár. Hver tími mun byrja á einhverjum þessara þátta en síðan verður teflt og þá venjulega gengið út frá þeim atriðum sem fjallað hefur verið um í upphafi hvers tíma. Námsmat verður lokið/ólókið

## STÆRÐFRÆÐI/STÆRÐFRÆÐIGRUNNUR

Hálfur vetur - hægt að velja fyrir og eftir áramót

Valfag sem hentar fyrir þá sem þurfa að styrkja grunnatriði í stærðfræði.

Í helming af tímanum verður unnið með grunnatriði en í seinni hluta tímans verður megináherslan á vinnu í lotum. Nemendur fá aðstoð kennara með kjarnanámsefni bekkjarins. Horft verður til hvers einstaklings og reynt að miða við þarfir hvers nemanda.

Samhliða vinnu í lotum verður lögð áhersla á því að dýpka skilning nemenda á grunnþáttum stærðfræðinnar. Námsmat verður lokið/ólókið.

## TEXTÍLMENNT – FATAHÖNNUN

Allur veturinn

Í vali í textíl/fatahönnun er farið í hinar fjölbreyttu aðferðir greinarinnar, nemendur velja um vélsaum, þrjón, hekl og útsaum. Námsmat verður lokið/ólókið.

## TJÁNING OG RÆÐUMENNSKA

Allur veturinn

Valfag sem hugsað er fyrir nemendur sem hafa áhuga á að æfa sig í að tala fyrir framan hóp. Farið verður í hvernig hægt er að auka öryggi og sjálfstraust þegar kemur að því að flytja stutta ræðu eða kynningu, ræðumennska og ræðukeppnir m.a. skoðaðar. Nemendur æfa sig sjálfir í flutningi í ákveðnum skrefum, allt frá örstuttum frásögnum til þess að flytja ræðu sjálf enda skapar æfingin meistaran í tjáningu eins og öðru. Námsmatið er lokið/ólókið

## TÆKNISKÓLINN (fyrir nemendur í 10. bekk)

Allur veturinn - kennt í lotum

Sjá nánar í bækling sem nemendur í verðandi 10. bekk fá.

## UNGMENNAHÚSAVAL (fyrir nemendur í 10. bekk)

Hálfur vetur

Nemendur kynast starfsemi ungmennahúsa og þá sérstaklega Molanum - ungmennahúsi Kópavogsbæjar (tómstunda- og menningarhús fyrir ungmenni á aldirnum 16-25 ára).

Nemendur mæta að minnsta kosti einu sinni í viku í Molann og taka þátt í félagsstarfinu. Nemendur kynast möguleikum sem húsið og starfsemin hefur upp á að bjóða, kynast starfsfólki Molans, samnemum sínum sem og öðrum ungmennum.

Nemendur öðlast:

- Reynslu og þekkingu á skipulagi og framkvæmd á a.m.k. einum viðburði í ungmennahúsinu.
- Þekkingu á klúbbastarfi í ungmennahúsum.
- Tækifæri að fara í ferð á vegum Molans.
- Þekkingu á tilgangi og markmiðum ungmennahúsa.
- Kynningu á styrkjamöguleikjum sem ungu fólki stendur til boða.
- Ákveðna þekkingu og reynslu á þátttöku í félagsstarfi fyrir 16 ára og eldri sem nýtist sem forskot á önnur ungmenni strax við lok grunnskóla.

Námsmat verður lokið/ólókið.

## VIÐBURÐA- OG VERKEFNASTJÓRNUN

Allur veturinn (hægt að velja hálfan veturinn - athuga tímasetningu verkefna og viðburða)

Nemendur læra viðburðar- og verkefnastjórnun með að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd nokkurra viðburða skóla og félagsmiðstöðvar. Nemandi velur sér viðburð og verkþátt til að vinna að (t.d. að vera í DJ-búra-hópi sem sér um tæknimál (ljós og hljóð)).

Megintilgangur með námi í verkefna og viðburðarstjórnun er að nemendur kynnist því að vinna fjölbreytt verkefni af mismunandi stærðargráðum sem öll eiga það sameiginlegt að tengjast stærri viðburðum. Í gegnum ferlið kynnist nemandinn því fjölbreyttum

vinnuaðferðum og nálgunum og tengir reynslu sína við fyrirtækjarekstur og þýðingu þess að vera gagnlegur starfsmaður í fyrirtæki - vera hluti af liðsheild. Í fjölbreyttum verkefnum áfangans reynir á verkkunnáttu, sköpunarkraft og samvinnuhæfni. Þá reynir á hvern þátttakanda að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, sýna frumkvæði og leggja sín lóð á vogaskólarnar. Mikil áhersla er á gott samstarf og teymisvinnu.

- |                   |                                     |
|-------------------|-------------------------------------|
| Viðburðir:        | Verkþættir:                         |
| • Árshátíð        | Skreytingar - svið - salur - andyri |
| • Jólabball       | Ljós / lýsing (ball og skreyting)   |
| • Bingó           | DJ-un (mixer)                       |
| • Stíll           | Hljóð / kerfi                       |
| • Hrekkjavaka     | Aðstöðu-uppbygging                  |
| • Öskudagur       | Sjoppu-rekstur                      |
| • Söngkeppni      | Þema / hugmyndavinna / hönnun       |
| • Spurningakeppni | Verkefnastýring                     |
| • Kökukeppni      | Viðburðastjórnun                    |
| • Dansleikir      | Samstarf við ýmsa aðila             |
| • Náttfatanótt    | Samfélagsmiðla-umsjón               |
| • Sápufótbolti    | Markaðs og kynningarmál             |

Nemendur geti valið milli viðburða og verkþátta sem er á því misseri sem viðkomandi nemandi er í áfanganum. Námsmat verður lokið/ólókið.

## YNDISLESTUR

### Hálfur vetur

Valgreinin er ætluð nemendum sem hafa áhuga á lestri góðra bóka. Megináhersla er lögð á upplifun og skilning og að nemendur lesi sér til ánægju.

Í þessum áfanga er gert ráð fyrir því að nemendur lesi a.m.k. eina skáldsögu á mánuði og geri grein fyrir efni hennar munnlega við kennara. Að hausti gefur kennari út lista yfir bækur eftir innlenda og erlenda höfunda. Nemendur velja af þeim lista bækur sem þá langar að lesa. Nemendur mæta síðan til kennara á ákveðnum tímum og ræða við hann um efni bókana. Gert er ráð fyrir að nemendur skili einni bókmenntaritgerð á vetrinum. Markmið áfangans er að auka lestur og kynna bókmenntir fyrir nemendum. Námsmat verður lokið/ólókið.

## ÞÝSKA FYRIR BYRJENDUR

Allur veturinn

Fyrir þá sem hafa áhuga á að læra þýsku sem þriðja erlenda tungumál og kynna sér þýska menningu.

Lögð verður áhersla á grunnorðaforða og grunnatriði þýskrar málfræði með það að markmiði að nemendur geti skilið einfalda þýsku, talaða og ritaða, og tjáð sig á einfaldan hátt, einkum munnlega. Eins kynnumst við þjóð, landi og menningu í gegnum einfalda verkefnavinnu. Námsmat verður lokið/ólókið.